

Selfossi, 18. ágúst 2020

Velkomin í Sunnulækjarskóla

Kæru foreldrar og forráðamenn nemenda í 1. bekk

Ég vil byrja á að bjóða ykkur velkomin í Sunnulækjarskóla.

Skólasetning Sunnulækjarskóla verður mánudaginn 24. ágúst. Vegna fjöldatakmarkana verður ekki hægt að taka á móti foreldrum og af þeim sökum verða nemendur 1. bekkjar ekki við skólasetninguna að þessu sinni. Eins og áður fá nemendur og forráðamenn 1. bekkjar einkaviðtal við umsjónarkennara sinn mánudaginn 24. ágúst.

Umsjónarkennarar í 1. bekk eru Íris Ingbórsdóttir, Hanna Rut Samúelsdóttir og Steinunn Hrefna Magnúsdóttir.

Foreldrar og forráðamenn geta valið fundartíma til viðtala í gegnum Mentor og opnast fyrir það fimmtudaginn 20. ágúst.

Til að fá aðgang inn á Mentor er farið inn á www.mentor.is og smellt þar á innskráning efst í hægra horninu. Þá opnast nýr gluggi fyrir innskráningu. Nýir aðstandendur haka við gleymt lykilorð, slá inn eigin kennitölu og fá þá sent lykilorð í tölvupósti. Leiðbeiningar fyrir bókun í foreldraviðtal er hægt að sjá á slóðinni <https://www.youtube.com/watch?v=ifwOntk280M>

Skólinn hefst síðan hjá nemendum í 1. bekk þriðjudaginn 25. ágúst samkvæmt stundaskrá.

Meðfylgjandi er upplýsingablað sem þið eruð beðin um að fylla út og afhenda í viðtalinu.

Foreldrar eru hvattir til að hafa samband ef eitthvað er óljóst eða frekari upplýsinga er óskað.

Kveðja,
Sigrún Sighvatsdóttir
deildarstjóri yngsta stigs
